



U S T

Umhverfisstofnun

Stykkishólmsbær
Hafnargötu 3
340 Stykkishólmur

28. júlí 2003

Tilvisun: UST20030700240/sf

Deiliskipulag frístundahúsabyggðar við Stykkishólm


Vísað er til auglýsingar í Lögbirtingablaði þann 13. júní sl. þar sem auglýst er tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar við Stykkishólm. Deiliskipulagið nær til reits sem afmarkast af svæðinu vestan við Birgisborg og liggur að Nesvogi.


Umhverfisstofnun vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Samkvæmt deiliskipulaginu er óheimilt að byggja nær ströndinni en 50 m og er það í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar nr. 400/1998. Umhverfisstofnun telur æskilegt að gert verði ráð fyrir meiri fjarlægð bygginga frá ströndinni enda er ströndin mikilvægt útivistarsvæði og nauðsynlegt að ekki verði þrengt að aðgengi almennings meðfram henni. Að mati stofnunarinnar ætti að leggja áherslu á að halda ströndinni óraskaðri og gera ráð fyrir a.m.k. 100 m breiðu belti meðfram henni þar sem ekki er ráðist í mannvirkjagerð, ekki síst þar sem um er að ræða verndarsvæði Breiðafjarðar.

Umhverfisstofnun telur eðlilegt að gert verði ráð fyrir gönguleið meðfram ströndinni til að tryggja svæði til útivistar við strandlengjuna og að gönguleiðin verði sýnd á deiliskipulagsupprættinum. Með meiri fjarlægð bygginga frá ströndinni, sbr athugasemd að framan, verður tryggt að nægjanlegt rými sé meðfram gönguleiðinni og að umferð almennings valdi frístundahúsaeigendum ekki ónáði.

Virðingarfyllt,


Sigurrós Friðriksdóttir


Helgi Jónsson

Afrit: Skipulagsstofnun.